

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2023, föstudaginn 22. júní var haldinn 95. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 9:34. Viðstöðd voru: Skúli Helgason formaður, Birna Hafstein varamaður fyrir Ragnhildi Öldu Vilhjálmsdóttur, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek, Stefán Pálsson og Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Sabine Leskopf og Rannveig Ernudóttir varamaður fyrir Kristinn Jón Ólafsson tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: María Rut Reynisdóttir tók sæti á fundinum með rafrænum hætti, Eiríkur Björn Björgvinsson og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á tilraunaverkefninu Frístundir í Breiðholti.

Þráinn Hafsteinsson og Jóhannes Guðlaugsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Verkefnið Frístundir í Breiðholti snýst um að taka vel utan um börn og ungmenni sem þurfa aukinn stuðning vegna félagslegrar stöðu, uppruna eða námslegrar stöðu með meira samtali og aukinni félagslegri og fjárhagslegri aðstoð. Markmiðið er að auka þátttöku barna í virku íþróttá- og frístundastarfi með áherslu á hópa sem síður hafa nýtt frístundakortið. Íþróttá- og frístundastarf skiptir gríðarlegu máli þegar kemur að inngildingu barna og fjölskyldna í samfélagið. Eldmóður, umhyggja og manneskjuleg nálgun þar sem byggt er á persónulegum tengslum maður á mann hefur einkennt verkefnið í hvívetna og það má draga mikinn lærdóm af aðferðunum enda stendur nú til að nýta þessa reynslu úr Breiðholti í öðrum borgarhlutum. Ánægjulegt er að sjá að skýrar vísbendingar eru um að þátttaka og virkni barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi hafi aukist í Breiðholti eftir að verkefninu var hleypt af stokkunum haustið 2020.

2. Lagt fram bréf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs dags. 21. júní 2023 þar sem lagt er til að menningar-, íþróttá- og tómsundaráð samþykki framlengingu samnings við Stelpur rokka til áramóta. ITR23060013
Samþykkt.
3. Fram fer umræða um Menningarstefnu Reykjavíkurborgar og eftirfylgni við hana.
4. Fram fer umræða um Tjarnarbió og mögulegt samstarf við menningarráðuneytið.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tjarnarbió er hjarta sjálfstæðra sviðslista í borginni og hafa forsvarsmenn ráðs og sviðs um nokkurt skeið beitt sér fyrir tvíhliða samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneytið um að styrkja starfsgrundvöll Tjarnarbiós til framtíðar. Þar er horft til þess að greina þarfir þess og sviðslista á höfuðborgarsvæðinu almennt varðandi bættu aðstöðu til æfinga og sýninga, leita leiða til að mæta tímabundnum rekstrarvanda Tjarnarbiós en líka kortleggja hvernig megi bæta rekstrargrundvöll leikhússins til framtíðar. Mikill vilji er hjá báðum aðilum að vinna að farsælli lausn og er stefnt að því að ná niðurstöðu um aðgerðir til úrbóta á allra næstu vikum.

5. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að samþykkja sjö milljóna króna aukafjárveitingu til að mæta bráðavanda Tjarnarbíós og koma í veg fyrir lokun þess í haust. Fjárveitingin verði fjármögnuð af lið 09205 í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, ófyrirséð. Flýtt verði eins og unnt er, þarfagreiningu á aðstöðumálum Tjarnarbíós og sjálfstæðra sviðslista almennt sem fyrirhuguð er í samstarfi við ríkið, líkt og samþykkt var á fundi fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 10. febrúar 2023. Kostnaðarmat verði framkvæmt á þörfum og óskum rekstraraðila Tjarnarbíós vegna Tjarnargötu 12. Einnig er lagt til að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg hefji viðræður um formlegt samstarf við ríkið til að móta stefnu til framtíðar fyrir sjálfstæða sviðslistastarfsemi í Reykjavík og til að skjóta styrkari stoðum fjárhagslega undir starfsemina.

Vísað frá með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata gegn 3 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað frá enda er nú verið að leggja drög að tvíhliða samstarfi borgar og ríkis um að finna farsæla lendingu á öllum þeim málum sem ávörpuð eru í tillögunni.

- Kl. 11:25 vikur María Rut Reynisdóttir af fundi.
- 6. Fram fer umræða um aðstöðu Frisbígolffélags Reykjavíkur í Leirdal.
- Kl. 11:30 vikur Erling Jóhannesson af fundi.
- 7. Fram fer kynning á uppbyggingu hjá KR Jafnframt lögð fram tillaga borgarstjóra dags. 20. júní 2023 sem lögð var fram á fundi borgarráðs 22. júní 2023.

Fulltrúar í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru spennandi uppbyggingatímar framundan hjá KR í vesturbænum. Unnið hefur verið að undirbúningi á byggingu fjölnota íþróttahúss og var samþykkt í borgarráði í gær að halda áfram undirbúningi fyrir alútboð á framkvæmdinni sem verði fullfjármögnuð í komandi fjárfestingaráætlun til næstu 5 ára. Nýuppperð kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdin muni kosta ríflega 2,4 milljarða króna. Með tilkomu hússins losnar líka um tíma og pláss í eldri sölum sem geta þá nýst undir fleiri íþróttagreinum. Nýja húsið mun þannig bæta til muna aðstöðu félagsins, barna, ungmenna og fullorðinna í fjölbreyttum íþróttagreinum.

- Kl. 11:50 vikur Pawel Bartoszek af fundi.
- 8. Lagt fram svar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs dags. 21. júní 2023 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði um kostnað við Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sbr. 15. lið fundargerðar frá 24. mars 2023. ITR23040019

Fundi slitið kl. 12:00

Skúli Helgason

Rannveig Ernudóttir
Stefán Pálsson
Kjartan Magnússon

Sabine Leskopf
Birna Hafstein